

Vefrit fjármálaráðuneytisins

29. maí 2008

Þróun skattkerfisins 1991-2007

Nýverið svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn á Alþingi um meginbreytingar á skattlagningu einstaklinga og lögaðila frá árinu 1990 og áhrif þeirra breytinga á tekjur ríkissjóðs. Eins og fram kemur í [svarinu](#) hefur skattkerfið á Íslandi tekið stórfelldum breytingum á því tímabili sem hér um ræðir. Á þessum árum lækkaði tekjuskattsprósenta ríkissins úr 32,8% í 22,75% og útsvar í staðgreiðslu úr 6,99% í 12,97%. Þannig hefur tekjuskatthlutfall einstaklinga að meðtöldu útsvari lækkað úr 39,79% í 35,72%, eða liðlega 4 prósentustig. Á sama tímabili hefur persónuafsláttur verið hækkaður sem leit hefur til þess að skattleysismörk að teknu tilliti til frádráttarbærni iðgjalds í lífeyrissjóð hefur hækkað verulega. Þá hefur eignarskattur verið lagður af og skattlagning fjármagnstekna hjá einstaklingum verið samræmd. Ýmsar breytingar hafa einnig verið gerðar á barnabótum og vaxtabótum. Skattlagning lögaðila hefur ekki síður tekið stakkaskiptum með lækkan hlutfallsins úr 45% í 18%, afnámi aðstöðugjalds og eignarskatta. Þá hefur verðbólguleiðréttingar í skattskilum verið afnumndar. Ýmsum vandkvæðum er bundið að meta áhrif framangreindra breytinga á tekjur ríkissjóðs. Í eftirfarandi töflu sést hvernig vægi einstakra tekjustofna hefur verið að breyst á umræddu tímabili sem hlutfall af skatttekjum sem gefur ákveðna mynd af því hvaða áhrif framangreindar breytingar hafa haft á einstaka tekjustofna ríkissjóðs.

	Skatttekjur 1991-2007		
	1991	2007	Breyting
	%	%	% -stig
Tekjuskattur einstaklinga	20,3	21,3	1,0
Tekjuskattur fyrirtækja	2,8	8,9	6,1
Fjármagnstekjuskattur	-	6,4	6,4
Eignarskattar, þmt. stimpilgjöld	5,7	3,0	-2,7
Tryggingagjöld	8,8	10,3	1,5
Virðisaukaskattur	38,1	33,9	-4,2
Aðrir skattar	24,3	15,9	-8,1
Skatttekjur, samtals	100,0	100,0	-

Virðisaukaskattur í viðskiptum yfir landamæri

Frá árinu 2006 hefur vinnuhópur á vegum OECD (Working Party No. 9 on Consumption Taxes) unnið að gerð alþjóðlegra leiðbeinandi reglna fyrir stjórnmöld um meðferð virðisaukaskatts við sölu á vöru og þjónustu yfir landamæri (International VAT/GST Guidelines). Til að byrja með snýr sú vinna fyrst og fremst að sölu á þjónustu yfir landamæri. Tilgangurinn með þessari vinnu er að samræma reglur sem flestra ríkja um hvernig staðið skuli að skattlagningu á viðskiptum yfir landamæri með það fyrir augum að koma í veg fyrir tvískattlagningu, undankomu skattlagningar sem og til hagræðis og einföldunar fyrir fyrirtæki og einstaklinga í viðskiptum sín á milli. Talsvert ósamræmi er í dag í löggjöf aðildarríkja OECD um hvar og hvernig leggja eigi virðisaukaskatt á í viðskiptum yfir landamæri, þ.e. hvort það sé í umdæmi seljanda, kaupanda eða þar sem kaupin eiga sér stað. Slík vandamál koma til að mynda oft upp við kaup á vöru og þjónustu með rafrænum hætti í gegnum internetið. Með samræmdum alþjóðlegum reglum á þessu sviði er ætlunin að sjá til þess að sem flest ríki beiti samskonar aðferðum við álagningu virðisaukaskatts í viðskiptum yfir landamæri. Í vinnuhópi OECD hefur þegar verið samþykkt sú meginregla að leggja beri virðisaukaskatt á sölu á þjónustu yfir landamæri í því umdæmi þar sem kaupandinn er staðsettur (customer location rule). Frá þeirri meginreglu kunna hins vegar að vera undanþágur sem nánar þarf að útfæra. Evrópusambandið hefur boðað að gerðar verði breytingar á s.k. virðisaukaskattstílskipun þess (VAT Directive), frá og með 2010, í þá veru að samskonar meginregla verði tekin upp fyrir aðildar-

ríki Evrópusambandsins í viðskiptum yfir landamæri. Fyrirhugað er að gengið verði frá umræddum leiðbeinandi reglum OECD innan tveggja ára.


Spá um lýðfræðilega þróun á næstu árum

Hagstofa Íslands gaf út nýja mannfjöldaspá sem nær allt til ársins 2050 seint á árinu 2007. Fjallað er um spána í rammagrein í [Þjóðarbúskapnum](#), nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kom út í síðasta mánuði. Í spánni er gert ráð fyrir að landsmenn verði orðnir tæplega 440.000 í lok spátímans sem er fjölgun um 0,8% að meðaltali yfir spátímabilið. Í spánni vex fjöldi landsmanna um 1% á ári í byrjun en smám saman dregur úr vextinum og undir lok tímans verður árlegur vöxtur orðinn 0,6%. Fjöldi fólks á starfsaldri (16-74 ára) vex hraðar en mannfjöldinn í upphafi tímabilsins en síðan fer vöxturinn minnkandi. Hlutfall fólks á starfsaldri af heildarmannfjöldanum helst hins vegar stöðugt næstu 10 árin, eða um 72%. En eftir það fer hlutfallið lækkað og verður komið í 68% skómumu fyrir lok spátímans. Nú eru um 225.000 manns á starfsaldri en í lok spátímans verða 300.000 manns í þessum hópi. Á næstu 10 árum gerir spáin ráð fyrir að fjöldi ungra og eldri Íslendinga aukist hlutfallslega sem mun kalla á aukin útgjöld til mennta- og heilbrigðismála.

Samkvæmt spánni mun börnum að 5 ára aldri fjölga um 14% á næstu 10 árum og sambærileg fjölgun mun eiga sér stað á fjölda barna sem eru yngri en 7 ára og njóta barnabóta sem ekki eru tekjutengdar. Þó dregur úr fjölguninni ár frá ári. Aftur á móti snýst fækkun barna á grunnskólaaldri, sem reiknað er með næstu tvö ár, í vaxandi fjölgun sem nær hámarki eftir áratug. Þá verður fjöldi barna á grunnskólaaldri orðinn um 47.000, sem er 7% aukning frá því sem nú er.

Nokkru flóknara er að spá fyrir um fjölda framhaldsskólánema vegna óvissu um brottfall. Á undanföllum árum þátttökuhlutfall í hverjum aldursflokki framhaldsskólánema hækkað. Ef miðað er við sama hlutfall árganga í framhaldsskóla og haustið 2006 verður ekki mikil fjölgun framhaldsskólánema í heild á komandi árum. Fjöldi nemenda á háskólastigi hefur farið mjög vaxandi á undanföllum árum. Einkum hefur þátttaka eldri nemenda aukist mikið. Ef áframhaldandi aukning verður á hlutfallinu verður fjölgun háskólánema enn meiri.

Um leið og yngri aldursflokkur Íslendinga fjölga hlutfallslega er spáð að eldri aldursflokkar geri það einnig. Þeim sem eldri eru en sjötugir hefur á undanföllum árum fjölgað nokkuð meira en landsmönnum öllum þótt þrjú síðastliðin ár séu þar undantekning og svo mun enn verða um sinn en ekki lengi. Eftir 5 ár tekur að fjölga mjög í hópnun og gerir spáin ráð fyrir að á 16 ára tímabili frá 2016 fjölgi yfir 3% á ári í þessum hópi. Á næstu 10 árum stækkar hópur sjötugra og eldri um fjórðung. Aftur á móti mun áttæðum og eldri sem fjölga um þessar mundir um yfir 3% á ári ekki fjölga svo ört á næstu árum þar á eftir þannig að eftir 10 ár verður þessi hópur einnig fjórðungi stærri en hann er nú. Hins vegar mun níræðum og eldri fjölga meira en þeim sem yngri eru og þeir verða orðnir 2.100 eftir 10 ár, 50% fleiri en þeir eru nú.



Tekjur ríkissjóðs janúar – mars			Gjöld ríkissjóðs janúar – mars			Afkoma ríkissjóðs janúar – mars			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008	12 mánaða breyting (%)	2007	2008	Milljónir króna	2007	2008	12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7	Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1	Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763	Verðbólga (maí)	4,7	12,3
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7	Heilbrigðismál	12,1	8,3	Hreinn lánsfjárfjöldunur	-1.663	35.457	Kjarnaverðbólga (maí)	5,7	10,8
Eignarskattar	-10,5	-16,0	Alm.trygg. & velferðarmál	16,8	5,1	Afborgun lána	-31.921	-808	Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0	Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9	Brúttó lánsfjárfjöldunur	-34.574	33.659	Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8	Menntamál	9,2	12,5	Lántökur	43.753	-322	Smasólúvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Tekjur alls	19,6	7,2	Gjöld alls	17,3	9,3	Breyting á handbæru fé	9.180	33.337	Atv.leyysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0